

Mál nr. 277/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Sönnun tjóns vegna bifreiðabvottar 16. desember 2015.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 5.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.9.2016, ásamt gögnum m.a. skjáskot af vef umferðarstofu og höfnunarbréf V dags. 23.8.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telur sig hafa orðið fyrir tjóni við bifreiðabvott sem hann keypti hjá X þann 16. desember 2015, nánar tiltekið þegar bifreið hans fór í gegnum þar til gerða þvottastöð sem X rekur. M vísar til þess að hann hafi heyrt skell þegar þvottaáhold hafi lent á þaki bifreiðarinnar og að þvotti loknum hafi verið samhverfar rákir á þaki bifreiðarinnar sem M telur að hafi komið til við umræddan skell eða þvott hjá X. M fór með mál sitt fyrir sérstaka kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem í álitinu sínu dags. 26. maí 2016 komst að þeirri niðurstöðu að X ætti að greiða kr. 125.000 og taldi nefndin að nægjanlega væri sýnt fram á að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni þegar hún var þvegin í þvottastöð X. M vísar einnig til álits bifreiðasmiðs dags. 21. desember 2015 þar sem leiddar eru líkur að því að rákir á þaki bifreiðar hans séu til komnar vegna burstahára úr þvottarúllu, sem hafi verið hlaðin óhreinindum sem hafi náð að rispa lakk bifreiðarinnar.

V telur ósannað að rákir á þaki bifreiðar M hafi myndast við þvott bifreiðarinnar í þvottastöð X. V telur að ekki sé sýnt að sá sem skrifar undir álitsgerð dags. 21. desember 2015, sem sé einhliða aflað af hálfu M, hafi sérþekkingu til að meta aðstæður auk þess sem engar myndir eða frekari gögn styðji niðurstöðu hans. Einnig bendir V á að í þvottastöð X sé ekki notast við hefðbundnar þvottarúllur heldur þvottasvampa og því séu forsendur álitsgerðarinnar rangar. Ekki liggi því fyrir nægilega skýr sönnun á því hvernig tjón á þaki bifreiðar M sé auk þess sem um sé að ræða níu ára gamla bifreið og ekkert liggi fyrir um ástand hennar áður en hún fór í gegnum þvottastöð X.

Álit.

Almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að tjón hans sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar annars beri sönnunarbyrðina fyrir því að atvik eða aðstæður séu með þeim hætti. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er ekki bundin af sönnunarmati annarra úrskurðarnefnda, eins og t.d. kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa, og metur aðstæður því með sjálfstæðum hætti. Til þess að M geti átt bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V verður M því að geta sýnt fram á það að hann hafi orðið fyrir tjóni sem X ber skaðabótaábyrgð á, sbr. 2. gr. váttryggingarskilmála frjálsrar ábyrgðartryggingar hjá V. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrri um rispur á þaki bifreiðar M og mögulegar ástæður þess eru þau fyrst og fremst álitsgerð starfsmanns bifreiðaverkstæðis þar sem rispum er lýst og ályktanir dregnar af því hvers vegna þær gætu komið til. Í álitinu kemur ekki fram að ályktanir séu byggðar á því hvernig búnaður er í þvottastöð X eða samanburður á slíkum búnaði og þeim rispum sem eru á þaki bifreiðar M. Hvorki liggja heldur fyrir myndir af umræddum rispum eða búnaði þvottastöðvarinnar. Verður heldur ekki hjá því litið að álitsins er einhliða aflað. Að þessu sögðu verður ekki, af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram, talið nægilega sannað að tjón hafi orðið á bifreið M í þvottastöð X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.